



Skógurinn á tímum veirunnar



Covid-19 faraldurinn sem herjar á heimsbyggðina um þessar mundir hefur áhrif á skógræktarmenn eins og aðra. Áður en formlegu samkomubanni var komið á var þegar búið að slá ýmsum viðburðum á frest, til dæmis viðamikilli fagráðstefnu skógræktar sem átti að halda í Haukadal dagana 18.-19. mars. Fer ráðstefnan fram í október í staðinn. Þá hafa sum skógræktarfélög frestað fyrirhuguðum aðalfundum sínum sem yfirleitt fara fram á þessum árstíma og Hönnunarmars færist aftur um fáeina mánuði en hlutur hvers kyns skógarafurða hefur vaxið mjög á hátíðinni undanfarin ár.

Góðu fréttirnar eru þó þær að víða iða skógarnir af lífi þessa dagana og þangað flykkist fólk til að stunda útivist í öruggu umhverfi og njóta þess að vera í náttúrunni. Þar má finna frið og ró á erfiðum tímum en einnig fá útrás fyrir hreyflþörfina. Ekki spillir fyrir að skógarnir skarta margir hinum glæsilegasta vetrarbúningi.

Skógræktarfélag Íslands hvetur almenning til að nýta sér skóga landsins til útivistar og heilsuþótar á meðan Covid-19 faraldurinn geisar og samkomubann er í gildi. Hreyfing og útvera er öllum holl og hefur dvöl í skóglendi góð áhrif bæði á líkamlega sem andlega heilsu. Útivistarskógar eru í grennd við flesta þéttbýliskjarna og í þeim er yfirleitt að finna góða aðstöðu svo sem stígakerfi, rjóður og áningarstaði. Þá eru þeir víðfeðmir og þarf fólk því ekki að hafa áhyggjur af því að lenda í mannmergð með tilheyrandi smíðaðu.

Á vefnum skogargatt.is má nálgast lista og kort yfir útivistarskóga víða um land. Jafnframt eru þar upplýsingar um þá aðstöðu sem er að finna í skógunum. Skógarnir eru flestir í nágrenni þéttbýlis og er aðgengi að þeim gott. Þeir eru ýmist í umsjá skógræktarfélaga, Skógræktarinnar eða sveitarfélaga.

Bjargvættirnir í grasinu



Frá lokum ísaldar fyrir um 10.000 árum hefur líffræðileg fábreytni ríkt á Íslandi enda tekur langan tíma fyrir fjölbreytt gróður-samfélög að myndast á eyju langt úti í hafi. Við landnám var lífríkið enn afar fábreytt og mátti t.d. telja innlendar trjá-tegundir á fingrum annarrar handar. Skógarögg, ofbeit og óblíð náttúruöfl bættu ekki ástandið og viðkvæmum vistkerfum hnignaði enn frekar.

Fyrir 15 árum skrifaði Aðalsteinn Sigurgeirsson skógerfðafræðingur grein í Skógræktarritið þar sem hann benti á að ósjálfbær nýting viðkvæmra, tegunda-fábreyttra vistkerfa í ellefu aldir hafi leitt til þess að landið sé að miklu leyti auðn sem ekki sé í neinu samræmi við gróðurfarskilyrði. „Líffræðileg fábreytni vegna einangrunar er talin ein helsta ástæðan fyrir því að vistkerfi landsins reyndust jafn viðkvæm fyrir búsetunni og rányrkju beitabúskapar eftir landnám, einfaldlega vegna þess hve fáar tegundir lífvera voru burðarásar íslenskra þurrlendisvistkerfa.“

Nú til dags standa viðkvæm og fábreytt íslensk vistkerfi frammi fyrir erfiðum áskorunum vegna ham-farahlýnunar. Örar loftslagsbreytingar hafa áhrif á lífs-skilyrði lífvera um allan heim og verður forvitnilegt að sjá hvernig þær plöntur sem nú þrífast á Íslandi bregðast við þeim. Fyrir 15 árum var Aðalsteinn ekki of bjartsýnn

fyrir hönd íslenskra vistkerfa.

„Sá möguleiki er því fyrir hendi að stór hluti af núverandi flóru Íslands fái ekki brugðist nægilega skjótt við svo örum umhverfisbreytingum, heldur dagi upp sem nátttröll, nema á hæstu fjöllum,“ skrifaði hann. Benti Aðalsteinn jafnframt á að innflutningur plöntu-tegunda til Íslands „gæti reynst raunhæf leið til þess að viðhalda og efla heilbrigði og þanþol íslenskra vist-kerfa, ef spár um hlýnun loftslags vegna gróðurhúsa-áhrifa rætast.“ Hann gaf lítið fyrir gamlar kenningar þess efnis að ágengar, innfluttar tegundir sem komast inn í lífkerfi fari smám saman að eyða eða útrýma þeim inn-lendu tegundum sem fyrir eru.

„Þvert á móti virðist raunin sú að lífkerfi sýna mikla seiglu og innlima auðveldlega nýjar tegundir í raðir sínar án þess að fyrri tegundir heltist úr lestinni, vegna samkeppni við nýbúana,“ skrifaði Aðalsteinn og áréttaði að flutningur lífvera milli lífkerfa auki líffræði-legan fjölbreytileika en rýri ekki.

Það er við hæfi að rifja upp þessa 15 ára gömlu grein í dag þegar alþjóðadagur skóga er helgaður líf-fræðilegri fjölbreytni og áhrifa loftslagsbreytinga gætir nú þegar með sýnilegum hætti víða um heim. Um leið er einboðið að hvetja stjórnvöld til að stórauka framlög til kvæma- og tegundarannsókna í skógrækt, ekki síst á tegundum sem kynnu að efla íslensk vistkerfi í bar-áttunni við loftslagsvána. Ísland gæti nefnilega átt mikið undir þessum nýbúum.

Einar Örn Jónsson

Laufblaðið

Fréttablað, 29. árgangur, 1. tölublað 2020.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150, www.skog.is

Ritstjóri:

Einar Örn Jónsson
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2019:

Jónatan Garðarsson formaður
Þuríður Yngvadóttir varaformaður
Laufey B. Hannesdóttir gjaldkeri
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari

Meðstjórnendur:

Jens B. Baldursson
Páll Ingbór Kristinsson
Sigrún Stefánsdóttir

Varamenn:

Kristinn H. Þorsteinsson
Valgerður Auðunsdóttir
Björn Traustason

Eftirtalin fyrirtæki eru aðalstyrktaraðilar Skógræktarfélags Íslands



Ljósmyndarar í blaðinu: Ólafur Oddsson (ÓÓ), Páll Ingbór Kristinsson (PIK), Ragnhildur Freysteinsdóttir (RF), Reynir Þorsteinsson (RÞ), Steinar Björgvinsson (SB).

Fræðsla um Avenza-appið

Á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 2019 kynnti Björn Traustason, sérfræðingur hjá Skógræktinni, appið Avenza Maps fyrir fundargestum. Með þessu sniðuga snjallsímaforriti sem byggist á gps-tækninni má kortleggja skóglendi á einfaldan hátt og tengja við landfræðigögn frá Skógræktinni. Með þessu fæst ekki aðeins betri yfirsýn yfir umfang skóglendis heldur nýttast upplýsingarnar á ýmsan hátt, meðal annars til að reikna út kolefnisbindingu skóganna. Í kjölfar Parísarsamkomulagsins hefur verið uppi aukin krafa um að slíkum upplýsingum sé haldið til haga vegna loftslagsbókhalds ríkja.

Skógræktarfélag Íslands hefur hvatt aðildarfélög sín til að tileinka sér appið og nýta það við kortlagningu skóglendis. Til að fylgja þeirri hvatningu eftir hyggst félagið standa fyrir skipulagðri fræðslu um notkun þess á svæðum aðildarfélaganna. Sigríður Elefsen og Narfi Hjartarson skógfræðingar munu sækja fulltrúa skógræktarféлага heim í sumar og halda stutt námskeið um notkun appsins úti í mörkinni. Með þeim hætti fær fólk betri tilfinningu fyrir forritinu og möguleikum þess en

það myndi gera ef það lærði á það á eigin spýtur.

Þær upplýsingar sem safnast fara í gagnagrunn Skógræktarinnar yfir ræktað skóglendi á Íslandi og þar verður meðal annars hægt að sjá heildarflatarmál skóglendis eftir skógræktarfélögum og aldri gróðursetninga.



Það er auðveldara að sjá skóginn fyrir trjámum með því að nota Avenza Maps appið. Með forritinu má kortleggja skóglendi á einfaldan hátt og tengja við landfræðigögn (Mynd: RF).

Ungviður - fyrir unga fólkið

Ungviður er grasrótahópur Skógræktarfélags Íslands sem vill auka tengingu ungs fólks við skóga og aðra ræktun landsins. Markmið hópsins er að fræða, skapa umræðu og auka áhuga á öllum þeim afurðum sem gróðurlendi okkar hafa upp á að bjóða. Verkefnin tengjast skógrækt, nytjarækt, fræðslu, hönnun og nýtingu afurða skóga og svo framvegis.

Stjórn Ungviðar skipa nemar í skógræði við Landbúnaðarháskóla Íslands sem jafnframt eru í Dafnari, skógræktarfélagi skólans. Að starfinu hefur einnig komið ungt fólk úr öðrum skógræktarfélögum, nemar í Listaháskólanum og fulltrúar skátahreyfingarinnar og Ungmennafélags Íslands.

Mikill hugur er í unga fólkinu og hefur fjölmörgum hugmyndum verið varpað fram á líflegum fundum. Loftslagsmál eru þeim hugleikin en einnig skógarnytjar og hvernig megi vekja áhuga ungs fólks á skógum og skógrækt. Verkefni Ungviðar eru fjölbreytt, skemmtileg og fræðandi. Viltu vera með í að græða landið, vinna úr afurðum skógarins eða bara miðla þekkingu til samfélagsins? Hafðu samband og taktu þátt í spennandi verkefnum sem henta þér: ungvidur@gmail.com



Skógfræðinemarnir Hjördís Jónsdóttir og Narfi Hjartarson eru tveir af forsvarsmönnum Ungviðar.



Skógrækt nýtur vaxandi vinsælda meðal ungs fólks. Sjálfboðaliðar gróðursetja á Hafnarsandi (Mynd: RF).

Grisjað á Gunnfríðarstöðum

Mikil grisjunarvinna fór fram á Gunnfríðarstöðum í nóvember í góðu veðri eins og oft hefur verið síðustu vetur. En síðan skall óveðrið á 10. og 11. desember í Húnavatnssýslum og Skagafirði. Mikið tjón var á stökum trjám hér á Blönduósi og í sumum skógarreitum á Gunnfríðarstöðum. Á Fjósum er ekki að sjá nokkurt tjón eftir ofsaveðrið en gott skjól er fyrir norðanáttinni í neðri hluta skógarinn. Úttekt er ekki lokið í skógunum vegna mikilla snjóalaga og því ekki hægt að útiloka meira tjón.

Á Gunnfríðarstöðum hefur lerki sem orðið er 10–13 m hátt brotnað mikið þótt trjábolir séu orðnir sverir og einnig ofar á bolunum ef þau voru margstofna. Mörg tré rótarslitnuðu í eldri reitum og verður mikið verk að „taka til“ í skóginum þegar snjórinn hverfur. Rússalerki sem gróðursett var árið 2000 og árin á eftir brotnaði ekki en það er auðvitað lágvaxnara eða 5-7 m hátt. Einnig sér ekki á lerki sem gróðursett var um 1995. Stafafuran bagnaði undan veðrinu eins og oft áður en óvenju margar þennan veturinn.

Húnvetningar komu í jólaskógin 21. desember þó ófærð væri mikil víða í Austur-Húnavatnssýslu. Tvisvar var mokað/blásið af Bakásavegi í sömu vikunni á vegum Húnavatnshrepps. Erfitt var að komast um athafnasvæði jólatrjásölu vegna snjós og fallinna trjáa. Ketilkaffið var þó lagað við áhugaverðar aðstæður og allir brostu.

Páll Ingbór Kristinsson, Skf. A-Húnvetninga



Eins og sjá má varð mikið tjón á lerkinu í nýgrisjuðum reit á Gunnfríðarstöðum (Mynd: PIK).

Skógarhöggsmennirnir Johan Holst, Jón Heiðar Rúnarsson og Öyvind Kulseng unnu við grisjun hjá félaginu (Mynd: PIK).



Vertu með á Lífi í lundi

Útivistar- og fjölskyldudagurinn Líf í lundi verður haldinn í þriðja sinn þann 20. júní. Tilgangur dagsins er að hvetja almenning til að gera sér glaðan dag úti í skógi, stunda hreyfingu, samveru og upplifa skóga og náttúru landsins. Í því skyni bjóða skógarhaldarar um land allt upp á fjölbreytta dagskrá og viðburði í skógum sínum þennan dag. Líf í lundi er samstarfsverkefni skógræktarfélaganna í landinu, Skógræktarinnar og Landssamtaka skógareigenda. Skógræktarfélag Íslands hvetur aðildarfélög sín til að taka þátt í þessum degi og bjóða fólki að koma út í skóg og taka þátt í áhugaverðum viðburðum. Þá hefur oft gefist vel að leita samstarfs við önnur félög í héraði svo sem íþróttafélög eða skáta og fá þá til að taka að sér tiltekna viðburði. Þeir sem hafa áhuga á að vera með eða vilja fá frekari upplýsingar er bent á að hafa

samband við Jón Ásgeir Jónsson (jon@skog.is) eða Ragnhildi Freysteinsdóttur (rf@skog.is)..



Börn læra að tálga flautur á Lífi í lundi í Sandahlið í fyrrasumar. (Mynd: RF).



Fólk gerir sér glaðan dag í Furulundi, einum af nokkrum samkomustöðum í Heiðmörk (Mynd: RF).

Heiðmörk 70 ára

Í ár eru 70 ár liðin frá því að Heiðmörk var vígð við hátíðlega athöfn. Skógræktarfélag Reykjavíkur efnir til fjölbreyttrar dagskrár til að fagna afmælinu.

Dagskránni er ætlað að efla skógarmenningu með stórum og smáum viðburðum allt afmælisárið. Markmiðið er að gestir geti upplifað margbreytileika Heiðmerkur á öllum árstímum og allt sem svæðið hefur upp á að bjóða. Kafað verður ofan í loftslagsmálin samhliða skógarböðum, fræsöfnun og fuglaskoðun, þátttökugróðursetningum, jóga, dagsnámskeiðum og svo minnum við á gönguskíðabrautirnar sem troðnar eru þegar veður leyfir. Skógarleikarnir verða 4. júlí, með öllum sínum ævintýraljóma, líkt og jólamarkaðurinn

sem verður á sínum stað í desember. Fjallað verður um Heiðmörk í tveimur útvarpsþáttum síðsumars og ítarleg umfjöllun um sögu Skógræktarfélags Reykjavíkur og Heiðmörk verður birt á heimasíðunni.

Dagsetning einstakra viðburða verður auglýst í tölvupósti til félagsmanna Skógræktarfélagsins, á samfélagsmiðlum og heimasíðunni heidmork.is.

Skógræktarfélagið stendur einnig fyrir afmælisdagatali þar sem birtar verða myndir og myndskreið úr sögu félagsins. Hægt er að fylgjast með afmælisdagatalinu á Facebook, Instagram og á heidmork.is. Fyrsta færsla dagatalsins sýnir myndskreið frá því er Heiðmörk var vígð, 25. júní 1950.



Fræðslustarf er mikilvægur hluti af rekstri Heiðmerkur. Hér fræðir Reynir Sveinsson börn úr Austurbæjarskóla í Heiðmörk 1976 (Mynd úr safni).

Vilhjálmur Sigtryggsson sem var lengi framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur, virðir fyrir sér grenitré (Mynd úr safni).





Opinn skógur undirbúinn

Það er hugur í okkur félögum í Álfholtsskógi. Til stendur að gera skóginn að Opnum skógi á vegum Skógræktarfélags Íslands og hefur undirbúningur staðið lengi. Lokaundirbúningur verður á vormánuðum og opnunin í kringum Jónsmessuna. Stígakerfið í skóginum er yfir 6000 metrar og fjöldi tegunda trjáa og runna yfir 150. Margt hefur verið gert til að gleðja augað og færa skóginn nær yndisskógi með því að bæta gönguleiðir, auka fjölbreytni í skóginum með vali á plöntum, vekja athygli á sérstökum plöntum með merkingum og vekja athygli á sérkennum í náttúrunni og útsýni.

Glæsileg göngubru í Álfholtsskógi (Myndir: RÞ).



Gamli skógur 2015

Reynir Þorsteinsson, form. Skf. Skilmannahrepps

Skrifstofurými til leigu

Skógræktarfélag Íslands auglýsir skrifstofurými til leigu í Þórunnartúni í Reykjavík. Í rýminu eru starfsstöðvar (rafdrifið skrifborð, skrifborðsstóll og skápur) fyrir sex manns og er annað hvort hægt að taka allt rýmið á leigu eða einstaka vinnustöðvar. Leigunni fylgir aðgangur að salerni, fundaherbergi og kaffistofu, nettenging og góður félagsskapur enda eru skrifstofur Skógræktarfélagsins í

hinum hluta rýmisins. Þórunnartún er vel í sveit sett við Höfðatorg, örskammt frá Hlemmtorgi og Laugavegi. Leiguverð er sanngjarnt og er áhugasömum bent á að hafa samband við Brynjólf Jónsson, framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Íslands, á netfangið bj@skog.is eða í síma 551 8150. Rýmið er laust til útleigu nú þegar.



Námskeið í skógaruppeldi

Skógræktarfélag Reykjavíkur leggur sérstaka áherslu á þátttöku barna og fjölskyldufólks í starfi félagsins nú á 70 ára afmælisári Heiðmerkur. Í því skyni efndi félagið til námskeiðs í febrúar þar sem Ólafur Oddsson, fræðslu-fulltrúi Skógræktarinnar, var fenginn til að fræða starfsmenn þess um hvernig glæða mætti áhuga barna og ungmenna á skóginum og fræða þau um leið. Meðal annars var fjallað um hvernig koma mætti upp tálgunarstöðvum, kenna þeim að kljúfa við á öruggan hátt með tréhamri og exi, kvista upp tré með handverkfærum og hvernig nýta megi skóginn til innblásturs til sköpunar listaverka. Starfsmenn félagsins voru ánægðir með námskeiðið enda hefur vægi hvers kyns fræðslustarfs hjá félaginu aukist mjög á undanförunum árum og þá skiptir höfuðmáli að menn þekki vel til og geti miðlað af fróðleik sínum og vísu.



Tálgustöð á Skógarleikum er vinsæl meðal foreldra og barna. Hvernig setjum við upp slíka stöð þannig að allir njórti sín og fyllsta öryggis sé gætt. Skreyttur töfrasproti í vinnslu (Mynd: ÓÓ).



Börn hafa mikinn áhuga á að kljúfa við með öxi og tréhamri. Þá þarf að undirbúa réttu kubbana til að kljúfa, kenna börnunum að lesa í kvistina og halda rétt á hamrinum og staðsetja sig rétt þannig að allt gangi sem best (Mynd: ÓÓ).



Þátttakendur búa sér til tréhamar til að geta kennt viðarhöggið. Reynir í hausnum og greni í skaftinu eru réttu viðartegundirnar þar sem reynirinn er þungur og höggþolin og grenið létt en sterkt í skaftið. Þannig vinna trjátegundirnar saman (Mynd: ÓÓ).

Nokkur sæti laus til Marokkó

Enn eru nokkur sæti laus í fræðsluferð Skógræktarfélags Íslands til Marokkó sem farin verður 2.-13. október. Ferðast verður víða um þetta stórbrotna land, frá Rabat þar sem „Tyrkirnir“ skildu eftir marga sem þeir rændu frá Íslandi, til Ifrane í Mið Atlas þar sem hlúð er vel að sedruskógi, svo suður á jaðar Sahara þar sem pálmalundir mynda einstakt og sérlega viðkvæmt vistkerfi og loks að strönd Atlantshafsins þar sem er að finna eina vaxtarstað argan-trésins í heiminum en úr því er unnin hin verðmæta argan olíu.

Þeir sem hafa áhuga á að fara með geta haft samband á netfangið skog@skog.is eða í síma 551-8150.



Marokkó er land stórkostlegrar náttúru.



Skógarhöggsmenn hafa grisjað í stafafurureitum í Selhöfða og Seldalshálsi að undanfögnu. Frá vinstri Orri Freyr Finnbogason, Hákon Aðalsteinsson, Jökull Gunnarsson og Árni Þórólfsson (Mynd: SB).

Grisjað og kurlað í Selhöfða

Undanfarnar vikur hafa starfsmenn Skógræktarfélags Hafnarfjarðar unnið að grisjun á furuskóginum í Selhöfða og á Seldalshálsi. Þetta eru um 15 ha af stafafuruskógi, aðallega af kvæminu Skagway, sem gróðursettur var snemma á níunda áratug síðustu aldur eftir að svæðið varð fjárlaust. Skógurinn er nú að meðaltali um 10 m hár. Grisjað hefur verið hér og þar í gegnum tíðina en ekki alls staðar eða nógu markvisst. Orri Freyr Finnbogason, betur þekktur sem Orri arboristi, hefur aðstoðað okkur við verkið enda mikill fagmaður ásamt Hákon Aðalsteinssyni skógarverktaka.

Félagið festi nýlega kaup á dönskum kurlara frá Harðskafa að gerðinni DR-GS-15SF. Kurlarinn er bensínknúinn og tekur allt að 12 cm svera boli. Hægt er að draga hann aftan í sexhjóli sem félagið eignaðist fyrir nokkrum árum þangað sem verið er að vinna hverju sinni. Hann reynist þó ekki vel í kulda. Þegar hlýnar verður farið á fullt að kurla efni þar sem grisjað hefur verið. Sverasta efnið verður nýtt til eldiviðarframleiðslu en félagið á von á nýjum eldiviðarkljúf í vor.

Skógurinn í Selhöfða er hluti af útivistarsvæðinu við Hvaleyrarvatn sem í daglegu tali kallast einu nafni Höfðaskógur. Stígurinn í kringum Hvaleyrarvatn er mjög vinsæll. Einnig er búið að leggja stíga inn í skógin þar með talið í Selhöfðanum sem er sunnanmegin við Hvaleyrarvatn. Sunnanmegin við Selhöfðann er Seldalurinn,

landgræðsluskógasvæði félagsins. Í Seldal hófst skógrækt 1990 við upphaf landgræðsluskógaátaksins. Þar er að vaxa upp fjölbreyttur útivistarskógur. Félagið gerði nýlega samning við Hafnarfjarðarbæ um snjóruðning á þremur gönguleiðum í upplandinu sem spanna hátt í 10 km samtals.

Það hefur verið áberandi undanfarið hversu margir nota svæðið til hvers kyns útivistar. Tengist það sjálfsagt m.a. ástandinu í samfélaginu.

Heimasíða félagsins skogh.is var nýlega endurbætt. Þar má t.d. sjá dagskrá ársins en búið er að fresta aðalfundi félagsins sem halda átti í byrjun apríl.

*Steinar Björgvinsson
framkvæmdastjóri Skf. Hafnarfjarðar*



Núi kurlarinn í fullum gangi (Mynd: SB).